



Mannvirkja
stofnun



Staldráðu við áður en þú kaupir

Skyndihjálpi Mannvirkjastofnunar fyrir þá
sem kaupa inn rafföng

Láttu öryggið njóta vafans

Skoðaðu lampa og önnur rafföng vandlega áður en þú kaupir.

- Hefur raffangið CE-merkingu? Sem dæmi eiga nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna veitukerfið (venjulegt 230V húsarafmagn) að bera CE-merkingu.
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Er heimilisfang framleiðanda þar sem hafa má samband við hann á raffanginu eða, sé það ekki mögulegt, á umbúðum þess eða í skjali sem því fylgir?
- Er nafn innflytjanda til EES, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki hans og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann á raffanginu eða á umbúðum þess eða í skjali sem því fylgir?

- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? Til dæmis spenna (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (☐) eða class III (◊)).
- Er ESB-samræmisyfirlýsing (EU declaration of conformity) tiltæk? Samræmisyfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans. Yfirlýsingar eða vottorð „þriðja“ aðila, t.d. prófunarstofu, eru ekki fullnægjandi.
- Fylgja öryggis-, notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Athugið að leiðbeiningar eiga að vera á íslensku, ensku, dönsku, norsku eða sænsku.
- Eru spennuhafa hlutar snertanlegir?
- Er togfesta aðtaugar, sem tryggir að ekki verði togálag á tengingar, fullnægjandi?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. grennri en eldspýta?

Skoðaðu lampa og önnur rafföng vandlega áður en þú kaupir og farðu inn á www.mvs.is ef þú ert í vafa.

Mannvirkjastofnun hefur meðal annars yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og markaðseftirliti raffanga. Auk þess löggildir stofnunin rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og annast útgáfu á kynningar- og fræðsluefni er varðar rafmagnsöryggi.

Mannvirkjastofnun
rafmagnsöryggissvið
2018